



GJALDSKRÁ

fyrir Fráveitu Fjarðabyggðar
Gildir frá 1.8.2018

1. gr.

Álagningarstuðull.

Álagningarstuðull fyrir fráveitugjald er 0,343% af húsmati fasteigna. Fráveitugjald er innheimt bæði af húsmati heimila og fyrirtækja. Fráveitugjald er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Þjónustugjald

Fyrir hverja fasteign innan marka Fjarðabyggðar með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Fjarðabyggðar, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 20. gr. samþykktar um fráveitu í Fjarðabyggð. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign.

Undanþegnir frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr. 16. gr. samþykktar um fráveitur í Fjarðabyggð.

Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

3. gr.

Gjaldskrá

Þjónustugjald samkvæmt 1. gr. skal vera árlegt gjald sem hér segir:

Stærð rotþróar í lítrum – þjónustugjald	kr.
< 3.500 lítrar	18.683
3.500 – 5.500 lítrar	28.025
5.500 – 8.000 lítrar	36.198
> 8.000 lítrar	36.198
Fyrir hvern viðbótarrúmmetra	5.837

Tímagjald hreinsibíls á klst. 14.981

Förgunargjald er samkvæmt verðskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar.

Fjánhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlega greiðslu.

Fjánhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 30 metra. Ef leggja þarf lengri barka þá bætast við 2.336 kr. að 50 metrum, en 7.326 kr. eftir það.

Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarbústaði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en 17.514 kr. af hverri húseign.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Gjaldið skal nema tímagjaldi fyrir hreinsibíl, skv. 2. gr., fyrir tíma umfram 2ja klst. vinnu- og aksturstíma, sem sérstaklega er tilkominn vegna viðkomandi rotþróar.



4. gr.

Gjalddagi og innheimta

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalldaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Stofngjald fráveitu

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru fráveitu Fjarðabyggðar og skráðar eru í fasteignamat. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

5.1. Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimæð \leq 150 mm	108.165 kr.
5.2. Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimæð $>$ 150 mm	216.329 kr.

6 .gr.

Einingarverð og gildistaka

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingu byggingarvísitölu í október 2017. Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá.

Fjarðabyggð, 10. júní 2018



Gunnar Jónsson

Samþykkt í bæjarráði 18. júní 2018
Samþykkt í bæjarstjórn 21. júní 2018